

2020–2021

Sigurður Árni Sigurðsson

ÓraVídd

Expanse

Sigurður Árni Sigurðsson á að baki þriggja áratuga listferil og hefur útfært verk sín með fjölbreyttum hætti. Hann hefur alla tíð spunnit stef við málverkið og tekist á við eiginleika þess miðils. Segja má að verk hans fjalli um það hvernig við horfum á heiminn í kringum okkur. Þau vekja spurningar um eðli og takmörk sjónsviðsins og hvernig það leggur grunn að heimsmynd okkar. Þar kallast á bæði það sem sést með berum augum og einnig það sem við sjáum ekki. Í verkum listamannsins kemur í ljós að við byggjum skynjun okkar á umhverfinu ekki síður á því sem við skáldum í eyðurnar. Tilraunir Sigurðar Árna hafa leitt hann á brautir fjarvíddar og rýmis, hvort heldur með eins konar sjónhverfingum á tvívíðum fleti eða með því að skapa þrívíð verk. Þar kemur samspil ljóss og skugga iðulega við sögu og hann er kunnur af verkum sem sýna skuggavarp með ýmsum hætti.

Í upphafi ferilsins vann Sigurður Árni með ýmsar hugmyndir tengdar landslagi og náttúru. Verk hans endurspegluðu áhuga á ferlum náttúrunnar og hann gerði tilraunir til þess að gera þá sýnilega. Hann fetaði margvíslegar leiðir, á milli húmors og leikgleði, annars vegar, og vísindalegrar nákvæmni og hins háleita, hins vegar; á milli hins figúratífa og hins óhlutbundna. Listamaðurinn hefur sagt svo frá að allt frá unga aldri hafi hann haft áhuga á jarðfræði og íhugað að leggja þau fræði fyrir sig áður en myndlistin varð fyrir valinu. Þennan þráð má rekja framan af listferli hans, þegar hann kallaðist á við landslagsarfléið íslenskrar listasögu. Um tíma hóf Sigurður Árni sig til flugs í huganum og leit landið ofan frá, valdi sér óvenjuleg viðfangsefni og sjónarhorn. Að lokum haslaði hann sér völl á óræðu svæði á milli laga; á milli sín og sjóndeildarhringsins, á milli himins og jarðar, í einhvers konar óravídd.

Á tíunda áratugnum vann Sigurður Árni með manngert landslag í ímynduðum lystigörðum. Þeir urðu honum innblástur að fjölbreyttum málverkum, skúlptúrum, teikningum og grafíkverkum. Í gegnum þessi verk vann listamaðurinn sig fram úr figúratífu myndmáli og verk hans þróuðust inn á þær óhlutbundnu brautir sem hann hefur einkum fetað eftir aldamót. Um leið og Sigurður Árni létti á natúralískum fornum garða og gróðurs og verk hans urðu æ óhlutbundnari fann hann aðra leið fyrir figúratíft myndmál. Það yfirfærðist nær eingöngu á röð skuggamálverka sem hann hóf að skapa eftir aldamót, þar sem mótar fyrir skuggavarp af manneskjum eða hlutum án þess að fyrirbærin sjálf séu sýnileg.

Í kringum aldamótin umbreyttust landslag, gróður og garðar að mestu í óhlutbundnar myndir. Lauf og tré þróuðust í einhvers konar sameindir ásamt því sem kúlur og göt, sem Sigurður Árni hafði áður unnið með, tóku yfirhöndina og hann hefur togað og teygð á ýmsa vegu æ síðan. Óhlutbundin verk Sigurðar Árna virðast við fyrstu sýn byggjast á fornum sem hann sækir í náttúrulegar, stærðfræðilegar eða stafrænar fyrirmyndir. Upphaf þessara forma má þó rekja til frjálsrar teikningar sem listamaðurinn þróar og útfærir að lokum á tvívíðan flöt eða þrívítt form. Skissur, teikningar, vatnslitamyndir, bókverk og ýmsar tilraunir á pappír eru grunnurinn að myndheimi listamannsins. Þá er mikilvæg verkarað þar sem Sigurður Árni teiknar viðbætur við gamlar ljósmyndir og póstkort sem hann hefur fundið á mörkuðum eða fornsölum víða um heim.

Áherslan í mörgum verkum Sigurðar Árna síðustu ár vegar salt á milli myndefnisins og þess sem stendur fyrir utan, verkin opnast út fyrir og inn í myndflötinn. Viðfangsefnið snýst um samspil ljóss og skugga, pósitífs og negatífs rýmis, myndar og eyðu, litar og litleysu. Sem áhorfandi stendur maður frammi fyrir einhverju sem gæti verið lýsing á smæstu byggingareiningum efnis sem og stjarnfræðilegum víddum alheimsins. Hvort tveggja ber með sér tilvisun í óendanleikann. Verk þessi kalla fram tilfinningu fyrir takmarkalausum flæmi, þar fyrirfinnst engin miðja eða sérstök sjónræn áhersla. Hin endurteknu form virðast geta breitt úr sér til allra átta án þess að ramma eða ytri mörk listaverksins haldi þeim í skefjum. Það er undirstrikað með því að þau svifa í lausu lofti og ekki á fyrirfram gefnum grunni. Í þeim fyrirfinnst engin sýnileg regla, þótt vissulega sé oft um magháttað mynstur að ræða.

Í nýjum verkum sem Sigurður Árni sýnir í fyrsta sinn á yfirlitssýningu sinni á Kjarvalsstöðum má sjá eftirmyndir blindamma, skornar út í litað plexíglar sem hangir nokkra sentimetra frá vegg. Fyrirmyndin er hefðbundinn blindrammi sem er alla jafna fallinn á bakvið strigann á málverkum og heldur þeim strekktum. Það sem fyrir augu áhorfenda ber er sem sagt töluvert langt frá hefðbundinni hugmynd um málverk, enda striginn og myndflöturinn víðsjarri. Hér varpa blindammarnir litatönum á vegginn sem minna á óhlutbundið málverk. Hugur okkar áætla ótal margt um heiminn með því að fylla í eyður, álykta um framvindu og draga fram líklegustu og trúverðugustu myndina. Sigurður Árni minnir á þennan ómeðvitaða eiginleika okkar með látlausum en hnitmiðuðum hætti í verkum sínum.

Sigurður Árni Sigurðsson has a career of three decades behind him, creating different work with a coherent undertone. He has primarily reflected notions around painting and dealt with the qualities of that medium. His work deals with how we view the world around us. It raises questions about the nature and limits of the field of vision and how it forms the basis of our worldview. It is pulled between what is seen with the naked eye and also what we do not see. In the artist's work it becomes clear that our perception of the environment is notably built on how we fill in the blanks. Sigurðsson's experiments have led him on the paths of perspective and space, either through some kind of visual transitions on two-dimensional surfaces or by creating three-dimensional works. Oftentimes the interplay of light and shadow is paramount and the artist is known for his works expressing shadow castings in various ways.

Early in Sigurðsson's career, he worked with ideas related to landscape and nature. His early works embody the artist's interest in natural processes and reflect his attempts to make them visible. His methods varied and were based on characteristics which appear in numerous other works of his; from playfulness and humour, to scientific precision and elegance; between the figurative and the abstract. The artist claims to have been interested in geology from early on and even thought of studying geology before he became an artist. This is obvious, particularly at the start of his career, when he engaged with the landscape heritage of Icelandic art history. For a while, Sigurðsson took flight in his mind and viewed the country from above, he chose unusual motifs and angles. He settled somewhere in the inscrutable area between layers, between the viewer and the horizon, between heaven and earth, in the great expanse.

During the 1990s, Sigurðsson worked with the man-made landscape of imagined, organised parks. The parks inspired diverse paintings, sculptures, sketches and graphic works. Through these artworks, the artist worked his way out of figurative imagery and his works developed along the abstract path which he has travelled since the turn of the century. As soon as Sigurðsson distanced himself from the natural subjects of gardens and vegetation and his work became increasingly more abstract, he found another path for figurative imagery. It was transferred almost solely to a series of shadow paintings which he began working on after the year 2000, where you can see the shadowy outlines of people and items but not the subjects themselves.

Around the turn of the century, the naturalistic subjects of landscape, vegetation and gardens by and large transformed into abstract images. Leaves and trees developed into a sort of molecules while spheres and holes, which Sigurðsson had been working with, took over and he's been stretching them in all directions ever since. At first glance, Sigurðsson's abstract works seem to reflect shapes derived from natural, mathematical or digital models. The origin, however, is in free drawing that the artist develops and negotiates on a two dimensional plane or in a three dimensional form. Sketching, drawing, watercolour, bookwork and other paper-related experiments make up the foundation of the artist's imagery. In this relation, an important series of work consists of vintage photographs that Sigurðsson extends and reworks through drawing.

The focus in many of Sigurðsson's works shifts between the subject and that which is outside the image, the work opens out of and into the picture plane. The subject is in fact in the conjunction of light and shadow, positive and negative space, image and gap, colour and lack thereof. As a viewer you are faced with something that might portray the smallest particles of substance matter as well as astronomical dimensions of the universe. Both refer to infinity. These works arouse a feeling for a vast, limitless space with no actual center or special visual importance. The recurring shapes seem to be able to expand in any direction, without being restrained by a frame or other external borders. This is emphasized by placing them as if floating in the air. The works do not contain a visible order, though they indeed form some kind of a pattern.

In Sigurðsson's new work, which is on display for the first time at his retrospective in Kjarvalsstaðir, you can see a replica of a stretcher, made from coloured Plexiglas, hanging a few centimetres from the wall. The model of each frame is a traditional wooden stretcher, traditionally hidden behind the canvas and holding it up. What the viewer sees is therefore a long way from traditional ideas of paintings as the canvas and the picture plane are not present. The stretchers throw shades of colour on the wall reminiscent of abstract painting. Our mind assumes a knowledge of the world by filling into gaps, concluding about progress and coming up with the most likely and plausible outcome. Sigurðsson reminds us about this unconscious ability in a simple but incisive way through his works.

Sigurður Árni Sigurðsson

ÓraVidd

Expanse

Október 2020 – janúar 2021

October 2020 – January 2021

Sýningarstjóri

Curator

Markús Þór Andrésson

Upplýsingar um leiðsagnir og fjölbreytta dagskrá á heimasíðu safnsins

Information on guided tours and other programme on museum website

Vegleg sýningarskrá, á íslensku og ensku, fæst í safnverslun

A comprehensive catalogue in English and Icelandic is available in the museum shop

Listasafn Reykjavíkur og listamaðurinn þakka eftirfarandi stuðninginn við sýninguna:

Reykjavík Art Museum and the artist wish to thank the following for supporting the exhibition:

Myndlistarsjóður

Icelandic Visual Arts Fund

Myndstef


The Icelandic Visual Art Copyright Association

Landsvirkjun fyrir veitta aðstoð við gerð kvikmynda um útilistaverkið Sólöldu

Landsvirkjun for support in the making of the film on the work Sun Wave

Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem lánuðu verk á sýninguna.

Reykjavík Art Museum thanks those who kindly lent works for the exhibition.



Kjarvalsstaðir

Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opið daglega

Frá 10.00 til 17.00

Open daily

10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is

artmuseum.is

#listasafnreykjavikur

#reykjavikartmuseum

Myndlistarsjóður

Icelandic Visual
Arts Fund

ISLANDS
MYNDI
STEF
SÍGURDSSON

